
Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Könnun meðal skólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla

UNNIÐ FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FEBRÚAR 2010

Hrefna Guðmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

Framkvæmd og heimtur	5
Niðurstöður	7
Félög og ráð	7
Skólanámskrá og starfsáætlun	10
Skólareglur.....	11
Móttökuáætlun	12
Sakavottorð	14
Símenntun starfsfólks.....	15
Málsverður á skólatíma.....	16
Undanþága frá skyldunámi	17
Nám á framhaldsskólastigi	18
Sjúkrakennsla	19
Fósturbörn.....	20
Brottvísun	21
Útskrift.....	21
Skimunarpróf.....	22
Náms- og starfsráðgjöf	23
Sérfræðiþjónusta.....	24
Athugasemdir við lögin	26
Viðauki - spurningalistinn	27

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í skýrslu þessari greinir frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 91/2008 um grunnskóla sem fór fram á tímabilinu 11. nóvember 2009 til 6. janúar 2010. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig grunnskólum gengur að innleiða ný lög um grunnskóla auk þess sem hún er hluti af eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með skólastarfi.

Lögð var rík áhersla á að fá svör frá öllum grunnskólum og við innköllun svara var vísað til eftirlitsskyldu ráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald.

Könnunin var rafræn og var spurningalisti sendur á netföng skólastjóra 174 grunnskóla miðvikudaginn 11. nóvember. Eftir tvær ítrekanir sem sendar voru á netföng skólastjóra 23. nóvember og 30. nóvember höfðu svör borist frá 131 skólastjóra grunnskóla. Þá tók við ítrekun þar sem hringt var í alla þá sem áttu eftir að svara. Í 14 tilvikum var netfang rangt og var spurningalistinn sendur aftur á þá einstaklinga mánudaginn 7. desember. Ítrekun í síma hélt áfram fram til 17. desember en þá áttu enn fimm skólastjórar eftir að svara. Þessir aðilar luku síðan við könnunina á tímabilinu 18. desember til 6. janúar. Að lokum náðust því svör frá öllum grunnskólunum sem könnunin var upphaflega send til.

Niðurstöður eru settar fram í töflum og texta. Í einstaka töflum er samanlagður fjöldi skóla sem svara ekki alltaf 174. Ástæðan fyrir því er annars vegar að í nokkrum tilvikum svöruðu einn til þrjár skólastjórar ekki viðkomandi spurningu þótt þeir hafi átt að gera það. Hins vegar áttu sumar spurningar ekki við alla og þá er fjöldi skóla sem svarar í samræmi við það.

Nöfn skóla:

Akurskóli	Grunnskóli Dalvíkurbyggðar	Háteigsskóli	Reykhólaskóli
Auðarskóli	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	Heiðarskóli, Leirársveit	Reykjahlíðarskóli
Austurbæjarskóli	Grunnskóli Grindavíkur	Heiðarskóli, Reykjanesbæ	Réttarholtsskóli
Álftamýrarskóli	Grunnskóli Grundarfjarðar	Hjallaskóli	Rimaskóli
Álftanesskóli	Grunnskóli Hornafjarðar	Hlíðarskóli, Akureyri	Safamýrarskóli
Árbæjarskóli	Grunnsk. Húnaþings vestra	Hlíðaskóli	Salaskóli
Árskóli	Grunnskóli Mýrdalshrepps	Hofsstaðaskóli	Seláskóli
Ártúnsskóli	Grunnskóli Ólafsfjarðar	Holtaskóli	Seljaskóli
Áslandsskóli	Grunnskóli Reyðarfjarðar	Hólabrekkuskóli	Setbergsskóli
Barnask. Hjallast., Garðabæ	Grunnskóli Seltjarnarness	Hrafnagilsskóli	Seyðisfjarðarskóli
Barnask. Hjallast., Hafnarfirði	Grunnskóli Siglufjarðar	Hraunvallaskóli	Síðuskóli
Barnask. Hjallast., Reykjavík	Grunnskóli Snæfellsbæjar	Húnavallaskóli	Sjálalandsskóli
Barnask. Eyrarb. og Stokkseyri	Grunnskóli Vestmannaeyja	Húsaskóli	Skóli Ísaks Jónssonar
Borgarhólsskóli	Grunnskóli Vesturbyggðar	Hvaleyrarskóli	Smáraskóli
Borgaskóli	Grunnskóli Öndurfjarðar	Hvassaleitisskóli	Snælandsskóli
Breiðagerðisskóli	Grunnskólinn austan Vatna	Hvolsskóli	Stórutjarnaskóli
Breiðholtsskóli	Grunnskólinn á Bakkafirði	Höfðaskóli	Stóru-Vogaskóli
Brekkubæjarskóli	Grunnskólinn á Blönduósi	Hörðuvallaskóli	Suðurhlíðarskóli
Brekkuskóli	Grunnskólinn á Drangnesi	Ingunnarskóli	Sunnulækjarskóli
Brúarásskóli	Grunnskólinn á Eskifirði	Kársnesskóli	Súðavíkurskóli
Brúarskóli	Grunnskólinn á Hólmavík	Kirkjubæjarskóli	Svalbarðsskóli
Digranesskóli	Grunnskólinn á Ísafirði	Klébergsskóli	Sæmundarskóli
Egilstaðaskóli	Grunnskólinn á Raufarhöfn	Korpuskóli	Tjarnarskóli
Engidalsskóli	Grunnskólinn á Stöðvarfirði	Kópavogsskóli	Vallaskóli
Engjaskóli	Grunnskólinn á Suðureyri	Krikaskóli	Valsárskóli
Fellaskóli, Fellahreppi	Grunnskólinn á Tálknafirði	Landakotsskóli	Varmahlíðarskóli
Fellaskóli, Reykjavík	Grunnskólinn á Þingeyri	Langholtsskóli	Varmalandsskóli
Finnbogastaðaskóli	Grunnskólinn á Þórshöfn	Laugalandsskóli	Varmárskóli
Flataskóli	Grunnskólinn Borðeyri	Laugalækjarskóli	Vatnsendaskóli
Flóaskóli	Grunnskólinn Djúpavogi	Laugargerðisskóli	Vesturbæjarskóli
Flúðaskóli	Grunnskólinn Hellu	Laugarnesskóli	Víðistaðaskóli
Foldaskóli	Grunnskólinn í Borgarnesi	Lágafellsskóli	Víkurskóli
Fossvogsskóli	Grunnsk. í Breiðdalshreppi	Lindaskóli	Vogaskóli
Garðaskóli	Grunnskólinn í Grímsey	Litlulaugaskóli	Vopnafjarðarskóli
Gerðaskóli	Grunnskólinn í Hofgarði	Ljósaborg	Waldorfsk. í Lækjarbotn.
Giljaskóli	Grunnskólinn í Hrísey	Lundarskóli	Waldorfskólinn Sólstafir
Glerárskóli	Grunnskólinn í Hveragerði	Lækjarskóli	Þelamerkurskóli
Grandaskóli	Grunnskólinn í Sandgerði	Melaskóli	Þjórsárskóli
Grenivíkurskóli	Grunnskólinn í Stykkishólmi	Myllubakkaskóli	Ölduselsskóli
Grundaskóli	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Naustaskóli	Öldutúnsskóli
Grunnskóli Bláskógabyggðar	Hafralækjarskóli	Nesskóli	Öskjuhlíðarskóli
Grunnskóli Bolungarvíkur	Hagaskóli	Njarðvíkurskóli	Öxarfjarðarskóli
Grunnskóli Borgarfjarðar	Hallormsstaðaskóli	Norðlingaskóli	
Grunnsk. Borgarfjarðar eystri	Hamraskóli	Oddeyrarskóli	

NIÐURSTÖÐUR

FÉLÖG OG RÁÐ

Í fyrstu spurningu könnunarinnar var spurt hvort skólaráð starfaði við skólann, sbr. 8. grein laga um grunnskóla. Um 90% skólastjóra sagði svo vera (sjá töflu 1).

TAFLA 1. Er starfandi skólaráð við skólann, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	156	89,7%
Nei	18	10,3%
Alls	174	100%

Á bilinu þrjú til 16 aðilar voru í skólaráðum grunnskólanna. Að meðaltali voru níu aðilar í skólaráði og það sátu hlutfallslega fleiri konur en karlar í ráðunum. Hlutfall kvenna í skólaráðum grunnskóla var að meðaltali 67% (sjá töflu 2).

TAFLA 2. Skólaráð.

Fjöldi í skólaráði að meðaltali	8,8
Hlutfall kvenna í skólaráði að meðaltali	66,8%

Þeir 18 skólastjórar sem sögðu ekkert skólaráð vera starfandi við skólann voru spurðir hvernig stæði á því. Þá kom fram að algengasta ástæðan var smæð skólans. Eftirfarandi eru dæmi um aðrar skýringar á því hvers vegna skólaráð væri ekki starfandi við skólann.

Ekki ríkir samkomulag um hvernig eigi að greiða fyrir setu í ráðinu þar sem það gleymdist við setningu reglugerðarinnar.
Ekki komist í framkvæmd.
Er verið að stofna það þessa dagana, á að vera lokið fyrir áramót.
Í sveitarfélaginu er starfandi fræðslu- og æskulýðsnefnd, hugmyndin er að sameina hlutverk hennar og skólaráðs og er sú vinna í gangi.
Valið hefur verið í skólaráð og verður fyrsti fundur í lok nóvember.
Það á eftir að skipa fulltrúa foreldra og nemenda.

Foreldrafélag var starfandi í 94% skólanna (sjá töflu 3).

TAFLA 3. Er starfandi foreldrafélag við skólann, sbr. 9. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	164	94,3%
Nei	10	5,7%
Alls	174	100%

Á bilinu tveir til 20 aðilar voru í stjórnnum foreldrafélaga grunnskólanna. Að meðaltali voru 5,5 aðilar í stjórn. Hlutfall kvenna í foreldrafélögum grunnskóla var að meðaltali um 77% (sjá töflu 4).

TAFLA 4. Foreldrafélag.

Fjöldi í stjórn foreldrafélaga að meðaltali	5,5
Hlutfall kvenna í stjórn foreldrafélaga að meðaltali	76,6%

Í tíu skólum var ekki starfandi foreldrafélag og voru ástæður þess af ýmsum toga. Nokkrir nefndu að það væri ekki þörf á sérstöku foreldrafélagi vegna þess hve skólinn væri lítill en foreldrar væru hins vegar alltaf reiðubúnir til að taka þátt og aðstoða væru þeir beðnir um það. Þá kom fram hjá öðrum að til stæði að stofna slíkt félag á næstunni. Í einum skólanna hafði stjórn foreldrafélagsins látið af störfum vegna lélegrar mætingar foreldra á aðalfund. Skólastjórinn sagði skólann hafa reynt að hvetja foreldra til að efla félagið en án árangurs.

Í 87% grunnskólanna var starfandi nemendafélag við skólann (sjá töflu 5).

TAFLA 5. Er starfandi nemendafélag við skólann, sbr. 10. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	151	86,8%
Nei	23	13,2%
Alls	174	100%

Að meðaltali sjö nemendur voru í stjórn nemendafélaga skólanna eða á bilinu tveir til 18 nemendur. Hlutfall stúlkna í stjórn nemendafélaga grunnskóla var lítið eitt hærra en drengja eða 58% (sjá töflu 6).

TAFLA 6. Nemendafélag.

Fjöldi í stjórn nemendafélaga að meðaltali	7,1
Hlutfall stúlkna í stjórn nemendafélaga að meðaltali	58,1%

Ástæður þess að nemendafélag var ekki starfandi í 23 skólanna voru af ýmsum toga. Aftur var algengt að vísað væri til smæðar skólans. Þá kom fram að í sumum skólanna væri nemendafélag ekki til staðar vegna þess að í skólanum væru einungis yngri deildir eða að unnið væri að breytingum nemendaráða í nemendafélög. Hér á eftir má sjá nokkur dæmi um svör skólastjóranna við því hvers vegna nemendafélag væri ekki starfandi við skólann.

Ég veit það ekki. Það var ekki virkt í haust þegar ég tók til starfa sem skólastj. Ég þarf að skoða þetta.
Er í undirbúningi.
Nemendaráð starfar en unnið er að því að koma formlegu félagi á laggirnar.
Nemendaráð starfar í vetur sem fyrr. Nemendaráð vinnur að stofnun nemendafélags með fulltingi félagsmálakennara og stjórnenda skólans.
Nemendur hafa verið hvattir til þess en hafa ekki haft áhuga.
Vegna þess að öll félagsstarfssemi nemenda fer fram í gegnum félagsmiðstöðina. Námið er samstarf milli félagsmiðstöðvar og grunnskólans.

Í 90% grunnskólanna var starfandi nemendaverndarráð (sjá töflu 7).

TAFLA 7. Er starfandi nemendaverndarráð við skólann, sbr. 40. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	157	90,2%
Nei	17	9,8%
Alls	174	100%

Þeir 17 skólastjórar sem sögðu nemendaverndarráð ekki til staðar í skólanum voru beðnir um að gefa skýringu á því. Í mörgum tilvikum vísuðu þeir til sömu ástæðu og áður, þ.e. smæðar skólans

en einnig kom fram að nemendaverndarráð hefði ekki verið starfandi en það væri á dagskránni að stofna það.

SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN

Í ríflega helmingi skólanna lauk síðustu endurskoðun skólanámskrár árið 2009. Tæpur þriðjungur lauk síðustu endurskoðun skólaárið 2008-2009 (sjá töflu 8).

TAFLA 8. Hvenær lauk síðustu endurskoðun skólanámskrár skólans, sbr. 29. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
2009 - 2010	98	56,3%
2008 - 2009	53	30,5%
2007 - 2008	9	5,2%
2006 - 2007	7	4,0%
2005 - 2006	3	1,7%
Fyrir 2005	4	2,3%
Alls	174	100%

Skólanámskrá og starfsáætlun var aðgengileg á vef 83% skólanna (sjá töflu 9).

TAFLA 9. Er skólanámskrá og starfsáætlun skólans aðgengileg á vef skólans?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	144	82,8%
Nei	30	17,2%
Alls	174	100%

Rétt rúmur helmingur skólastjóra grunnskóla stefnir á næstu endurskoðun skólanámskrár skólaárið 2009-2010 og tæpur helmingur stefnir á slíka endurskoðun skólaárið 2010-2011. Aðeins tveir skólastjórar stefna á endurskoðun skólanámskrárinnar skólaárið 2011-2012 og enginn síðar en það (sjá töflu 10).

TAFLA 10. Hvenær er næsta endurskoðun skólanámskrár skólans fyrirhuguð?

	Fjöldi svara	Hlutfall
2009 - 2010	89	51,4%
2010 - 2011	82	47,4%
2011 - 2012	2	1,2%
Alls	173	100%

Tæp 70% grunnskólanna birtu opinberlega upplýsingar um innra mat skólans, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (sjá töflu 11).

TAFLA 11. Birtir skólinn opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, sbr. 36. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	115	66,1%
Nei	59	33,9%
Alls	174	100%

Þeir 59 skólastjórar sem sögðust ekki birta upplýsingar um innra mat opinberlega voru beðnir um að gefa skýringu á hvers vegna það væri ekki gert. Algeng skýring var að innra matið eða heimasíðan sjálf væri í vinnslu en einnig var því borið við að innra mat hefði ekki farið fram eða að skólastjóri sagðist ekki geta tilgreint ástæðu.

SKÓLAREGLUR

Skólastjórnarnir voru beðnir að lýsa því hvernig skólareglur skólans væru kynntar sbr. 14. og 30. gr. laga um grunnskóla. Í flestum skólum eru skólareglur skólans kynntar á heimasíðu skólans, í skólanámskrá og á fundi með foreldrum og/eða nemendum á haustin. Þá kom fram hjá nokkrum skólastjórum að skólareglur væru kynntar í fréttabréfum eða upplýsingabæklingum til foreldra og nemenda. Auk þess nefndu nokkrir að skólareglur væru hangandi uppi á vegg í kennslustofum.

Spurt var hvenær skólareglurnar hefðu síðast verið endurskoðaðar. Í langflestum tilvikum eða í um 80% grunnskólanna höfðu skólareglurnar verið endurskoðaðar á skólaárunum 2008-2009 eða 2009-2010 (sjá töflu 12).

TAFLA 12. Hvenær voru skólareglur skólans síðast endurskoðaðar?

	Fjöldi svara	Hlutfall þeirra sem svara
2009 – 2010	75	43,6%
2008 – 2009	62	36,0%
2007 – 2008	16	9,3%
2006 – 2007	8	4,7%
2005 – 2006	1	0,6%
Fyrir 2005	10	5,8%
Alls	172	100%

MÓTTÖKUÁÆTLUN

Móttökuáætlun var til í um helmingi grunnskóla og í 38% þeirra var hún í vinnslu (sjá töflu 13).

TAFLA 13. Er til móttökuáætlun í skólanum, sbr. 16. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	88	50,6%
Móttökuáætlun er í vinnslu	67	38,5%
Nei	19	10,9%
Alls	174	100%

Í 19 grunnskólum var engin móttökuáætlun til og voru skólastjórnarnir beðnir um að gefa skýringu á því. Meðal annars kom fram að engir nemendur með erlendan bakgrunn væru í skólanum og því væri ekki þörf á sérstakri móttökuáætlun. Þá kom einnig fram að vegna smæðar skólans væri hvert tilvik skoðað fyrir sig og þörfum nemenda mætt eins og kostur væri. Eftirfarandi eru dæmi um skýringar sem voru gefnar á því hvers vegna móttökuáætlun væri ekki til staðar.

Get ekki svarað því.
Hefur ekki verið unnin.
Hefur ekki þótt nauðsynlegt. Heilbrigð skynsemi hefur þótt duga í samskiptum við starfsfólk.
Notumst við gátlista frá Skólaskrifstofu.

Meirihluti skólastjóra sagði móttökuáætlunina taka til/myndi taka til nemenda sem væru með annað móðurmál en íslensku (88%) og/eða nemenda sem væru að hefja skólagöngu (87%). Þá sögðu um 74% að hún tæki til/myndi taka til nemenda sem skipta um skóla og 69% sögðu hana ná til íslenskra nemenda sem væru að hefja nám hér á landi (sjá töflu 14).

TAFLA 14. Til hvaða þátta tekur eða mun móttökuáætlunin taka?

	Fjöldi svara	Hlutfall af svarendum
Nemenda með annað móðurmál en íslensku	133	88,1%
Nemenda sem eru að hefja skólagöngu	132	87,4%
Nemenda sem skipta um skóla	111	73,5%
Íslenskra nemenda sem eru að hefja nám hér á landi	104	68,9%

Skólastjórnarnir voru spurðir hvernig skólinn tryggði að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fengju ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf sbr. 16. gr. laga um grunnskóla. Margir nefndu að þeir nýttu sér túlkajónustu og þýðingar eins og hægt væri. Hjá öðrum hefur lítið reynt á þetta þar sem enginn nemandi með annað móðurmál en íslensku var eða hafði nýlega verið í skólanum. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig skólinn tryggði að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fengju ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Allir fá formlegt viðtal með túlki þar sem allt er kynnt vandlega. Síðan eru reglulegir fundir með túlkum eftir því sem þurfa þykir.
Á öllum fundum með foreldrum þessara barna eru kallaðir inn túlkar. Ekki hefur verið farið út í þýðingar á upplýsingum, en notaðar þýðingar sem við höfum fengið frá öðrum.
Erum með aðgang að sérkennara sem leiðbeinir okkur með þau mál.

Hér eru engir nýbúar.
Með því að fá sérfræðinga innan og utan skólans til fundar með foreldrum, nemendum og starfsfólki.
Móttaka nýbúa er á ábyrgð deildarstjóra sérkennslu.
Námsráðgjafi heldur utan um öll börn sem eru af erlendu bergi brotin og einnig íslensk börn sem dvalið hafa lengi erlendis, þau eru metin og fara svo í ákveðið ferli innan skólans.
Símatúlkur aðstoðar á foreldrafundum.
Það er afar öflugt upplýsingastreymi frá skólanum og persónuleg samskipti við nemendur og foreldra eiga sér stað í viku hverri í gegnum tölvupósta/síma. Umsjónarkennari og skólastjóri halda utan um upplýsingagjöf og í skólanum er mjög persónuleg þjónusta við hvern og einn, allt eftir því hvernig viðkomandi er í stakk búinn.
Þetta er þáttur sem er í vinnslu og þarf að laga.

SAKAVOTTORÐ

Um fimmtungur skólastjóra óskaði eftir sakavottorði við ráðningu starfsfólks. Rúmur helmingur sagði að óskað væri eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá en fjórðungur hafði hvorki óskað eftir sakavottorði né heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu starfsfólks (sjá töflu 15).

TAFLA 15. Er við ráðningu starfsfólks óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, óskað er eftir sakavottorði	36	20,7%
Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá	97	55,7%
Nei	41	23,6%
Alls	174	100%

Skólastjórar grunnskóla þar sem ekki var óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá voru beðnir um að skýra hvers vegna það væri ekki gert. Algengar skýringar voru að ekki hefði reynt á þetta ennþá í skólanum þar sem nýr starfsmaður hefði ekki verið ráðinn nýlega eða að ekki væri þörf á því þar sem yfirleitt þekkti einhver það vel til umsækjanda, sjá eftirfarandi dæmi:

Aðeins hefur einn starfsmaður verið ráðinn síðan lögin tóku gildi. Ekki var talin þörf á því að óska eftir þessari heimild í því tilviki.
Verður tekið til endurskoðunar.
Ekki hefur verið talin þörf á því. Í litla skólanum starfar fólk þar sem allir þekkja alla og þann bakgrunn sem menn koma úr.
Ekki þurft á því að halda þar sem ekki hefur verið ráðinn nýr starfskraftur í nokkur ár en verður gert með nýráðningu að óska eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.
Hefur ekki verið talin þörf á því þar sem ekki hefur verið ráðið fólk sem er ekki þekkt í sveitarfélaginu undanfarin ár.
Heimildar til að afla upplýsinga úr sakaskrá hefur verið aflað hjá karlmönnum sem hófu starf eftir 1. ágúst 2009.
Mjög lítið samfélag. Allir vel kunnugir.
Það hefur ekki reynt á þetta í ráðningum til skólans þar sem eingöngu heimamenn hafa verið ráðnir. Hér vita allir allt um alla. Við myndum biðja um heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá ef við þekktum enginn deili á umsækjanda. Gott að hafa þessa leið.
Þessi málsmeðferð er ekki orðin skólastjóra töm ennþá.

SÍMENNTUN STARFSFÓLKS

Um 90% skólastjóranna sögðu að þeir hefðu frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks væri hagað (sjá töflu 16).

TAFLA 16. Hefur skólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað, sbr. 12. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	157	90,2%
Nei	17	9,8%
Alls	174	100%

Þeir 17 skólastjórar sem sögðu að skólastjóri hefði ekki þetta frumkvæði voru spurðir hvers vegna ekki. Eins og sjá má í dæmunum hér á eftir var meðal annars vísað til fjárskorts sem kæmi í veg fyrir að skólastjóri hefði frumkvæði að símenntunaráætlun. Einnig kom fram að staðið væri að símenntun með öðrum hætti til dæmis í samráði við kennara um hvar þörfin lægi hverju sinni.

Áætlun er ekki formleg heldur lögð áhersla á ákveðna símenntun hjá hverjum og einum.
Eitt af þeim verkefnum sem bíða vinnslu. Hins vegar hefur skólinn markvisst sent starfsmenn á námskeið sem tengjast stefnu og áherslum skólans. Síðast í ágúst á tveggja daga námskeið um útikennslu og annað tveggja daga námskeið um fjölbreytta kennsluhætti og námsmat.
Finnst æskilegra að hafa kennara með í samráði, endrum og sinnum fara námskeið fram á skólatíma og þá þarf að hliðra til. Skólastjóri mælist til að sótt verði sem flest námskeið sem eru í boði. Á menntaþing og kennaraþing er skyldumæting.
Símenntun starfsfólks hefur verið ákveðin í samráði skólastjóra og viðkomandi starfsmanns með hliðsjón af niðurstöðum úr starfsmannasamtölum. Tekur hún mið af óskum og áhuga starfsmannsins og þörfum skólans. Heildstæð áætlun fyrir skólann er í smíðum.
Til grundvallar er lagt að mæta nauðsynlegustu endurmenntun með fundum og fræðslu sem er heimafengin en símenntun sem er fengin utan skóla er af skornum skammti vegna fjáskorts. Metið hverju sinni og lögð áhersla á þætti sem koma skólastarfinu strax til nota.
Um er að ræða sameiginlegt verkefni skólastjórnar þar sem sitja auk skólastjórnenda, deildarstjórar, verkefnisstjórnari í sérkennslu og stýrimaður móttökudeildar fyrir nýbúa.
Vegna niðurskurðar í sveitarfélaginu var ekkert fjármagn til endurmenntunar þetta skólaár. Kennarar fá jákvæðar undirtektir óski þeir eftir að sækja námskeið en þeir verða þetta skólaár að sækja um greiðslur úr starfsmenntasjóðum.

MÁLVERÐUR Á SKÓLATÍMA

Nemendur í nánast öllum skólunum (98%) áttu kost á málsverði á skólatíma (sjá töflu 17). Í tveimur tilvikum áttu nemendur þess ekki kost og í þeim báðum var um að ræða skóla þar sem foreldrar völdu frekar að senda börnin í skólann með nesti.

TAFLA 17. Eiga nemendur skólans kost á málsverði á skólatíma, sbr. 23. gr. laga um gr.skóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, allir	171	98,3%
Já, hluti nemenda	1	0,6%
Nei	2	1,1%
Alls	174	100%

UNDANÞÁGA FRÁ SKYLDUNÁMI

Skólastjórnarnir voru beðnir að gera grein fyrir undanþágum frá skyldunámi skólaárið 2009-2010 eftir því á hvaða stigi nemendur voru. Spurt var um undanþágur frá kristinfræði/siðfræði/trúarbragðfræði, skólaþróttum, skólasundi og öðrum námsgreinum. Fyrir miðstig og elsta stig var auk þess spurt um undanþágur frá dönsku.

Í töflu 18 má sjá meðalfjölda þeirra nemenda sem fá undanþágu frá fyrrnefndum greinum. Í töflunni stendur „n“ fyrir fjölda skóla sem veita einum eða fleiri nemendum undanþágu. Í töflunni má sjá að því eldri sem nemendur eru því fleiri skólar veita undanþágu úr umræddum greinum. Til dæmis veita aðeins átta grunnskólar nemendum í 1.-4. bekk undanþágu frá skólaþróttum. Það gera 11 skólar þegar kemur að 5.-7 bekk og 39 í elstu bekkjum grunnskólans.

Skólastjórar þeirra skóla sem veita undanþágur voru beðnir að gefa upp fjölda nemenda sem fá undanþágu frá fyrrgreindum skyldufögum og var reiknaður meðalfjöldi þeirra fyrir hvert fag og skólastig. Þá má sjá að meðalfjöldi nemenda sem fá undanþágur hækkar ekki alltaf á milli skólastiga. Til dæmis lækkar meðalfjöldi nemenda sem fá undanþágu frá skólasundi eftir því sem þeir eru eldri en þeir eru að meðaltali 6,8 á yngstastigi, 4,1 á miðstigi og 3,1 á unglingsstigi þrátt fyrir að fjöldi skóla sem veita undanþágu frá skólastundi fari stigvaxandi (sjá töflu 18).

TAFLA 18. Meðalfjöldi nemenda á grunnstigi, miðstigi og elsta stigi sem fá undanþágu frá skyldunámi skólaárið 2009-2010, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

	Meðalfjöldi nemenda í 1. - 4. bekk	Meðalfjöldi nemenda í 5. - 7. bekk	Meðalfjöldi nemenda í 8. - 10. bekk
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðarfræði	1,8 (n=10)	1,4 (n=8)	1,8 (n=5)
Skólaþróttir	2,6 (n=8)	1,5 (n=11)	2,7 (n=39)
Skólasund	6,8 (n=9)	4,1 (n=23)	3,1 (n=50)
Danska	-	2,0 (n=37)	4,1 (n=88)
Aðrar námsgreinar	2,6 (n=5)	2,3 (n=4)	3,4 (n=20)

NÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Í 98 grunnskólum eru nemendur sem stunda nám á framhaldsskólastigi. Í 67 grunnskólum stunda nemendur nám á framhaldsskólastigi í stærðfræði. Í 77 grunnskólum voru nemendur í ensku á framhaldsskólastigi og í 66 grunnskólum stunduðu nemendur aðrar námsgreinar á framhaldsskólastigi. Skólastjórar grunnskóla með nemendur sem stunduðu nám á framhaldsskólastigi voru beðnir um að gefa upp fjölda nemenda sem stunda framhaldsskólanám í stærðfræði, ensku og öðrum námsgreinum. Í þeim skólum sem hafa nemendur sem stunda nám á framhaldsskólastigi sóttu að meðaltali sex nemendur nám á framhaldsskólastigi í ensku annars vegar og stærðfræði hins vegar en að meðaltali tíu nemendur í öðrum námsgreinum (sjá töflu 19).

TAFLA 19. Hve margir nemendur skólans stunda nám á framhaldsskólastigi skólaárið 2009-2010?

	Fjöldi nemenda	Meðalfjöldi nemenda	Fjöldi skóla
Stærðfræði	395	5,9	67
Enska	481	6,3	77
Aðrar námsgreinar	654	9,9	66

Skólastjórnarnir voru beðnir um að gera grein fyrir því hve margir nemendur fá nám utan grunnskóla viðurkennt sem jafngildi grunnskólanáms skólaárið 2009-2010, í hvaða árgangi þeir væru og hvað þeir fái metið sem jafngildi námsins sbr. 15. og 26. gr. laga um grunnskóla. Eins og sjá má í dæmunum hér á eftir er mikil fjölbreytni í því hvað nemendur fá viðurkennt sem jafngildi grunnskólanáms. Þar má nefna íþróttaiðkun ýmiss konar, listnám, starfsnám í iðngreinum og þátttaka í félagsstarfi.

10. bekkur 13 nem., í 9. bekk 10. nem og 15 nem í 8. bekk. Metið er nám í tónlistarskólum, dansskólum og öðrum viðurkenndum skólum með mikinn æfingatíma. Íþróttaiðkun með leyfi foreldra og staðfestingu þjálfara á föstum æfingum.

102 nemendur í 8. 9. og 10. bekk. 68 nemendur fá 2 kennslustundir metnar á viku og 34 fá 4 kennslustundir metnar á viku. Hér er um að ræða; fótbolta, handbolta, skautaæfingar, körfubolta, sundæfingar, siglingar, dans, tónlistarnám, myndlistarnám, badminton, skíðaæfingar, kór, skátastarf, æskulýðsstarf í kirkju og vinna í félagsmiðstöð.

105 nemendur í 8., 9. og 10. bekk fá metið sem valgrein, tónlistarnám eða íþróttaiðkun. Þeir þurfa að skila mætingablaði frá kennara/þjálfara. Þeir fá metna 2-4 tíma á viku.
114 nemendur í 9. bekk (af 174 nemendum), 124 nemendur í 10. bekk (af 181 nemenda). Nemendur frá metið nám frá ýmsum listaskólum, t.d. tónlist, myndlist, danslist. Einnig þátttöku í íþróttum.
13 nemendur. Fyrir setu í framhaldsskólaáfanga fá nemendur það metið sem 3 kennslustundir á viku í stað valáfanga innan skóla.
29 nemendur fá metið í val nám utan skóla, sjálfboðavinnu, launaða vinnu, tónlistarnám, leiklistarnám og íþróttæfingar.
3 nemendur stunda starfsnám í iðngreinum sem að hluta er metið sem grunnskólanám.
46 nemendur í 8. - 10. bekk. Nemendur fá metið nám og iðkun keppnisíþrótt metið til jangildis námi. Flestir eru í keppnisíþróttum og tónlistarnámi en nokkrir eru í listnámi.
58 nemendur í íþróttafélögum, tónlistarskóla, myndlistarskóla, sem starfa í félagsamtökum eða vinna hjá fyrirtækjum.
6 nemendur í unglíngadeild, þeir fá metna áfanga í tónlist - eru í tónlistarnámi í viðurkenndum tónlistarskólum.
7 nemendur og þá tengt vali. Stunda dans, sund og tónlistarnám. Nemendur sem eru að æfa þessar greinar 5-6 sinnum í viku.
Stór hluti 10. bekkjar er með valgreinina vinnustaðaval, 1 stund. Þátttaka í félags- og íþróttastarfi metið sem 2 stundir í vali.
Um er að ræða 18 nemendur í 9. og 10. bekk. Nemendur fá metið íþróttþjálfun og tónlistarnám. Fá að meðaltali tvær kennslustundir á viku metnar.
Það eru 4 nemendur sem fá metið starfsnám sem hluta af skólagöngu. Starfsnám er einn til tveir dagar í viku.
Þeir sem stunda íþróttir eða tónlistarnám fá metnar tvær kennslustundir á viku ef þeir sækjast eftir því.

SJÚKRAKENNSLA

Sjúkrakennsla var veitt í 28 grunnskólum skólaárið 2008-2009. Langalgengast var að einn nemandi fengi sjúkrakennslu í þeim skólum sem hana veittu. Þá gáfu 26 skólar upp hve mörgum kennslustundum hefði verið varið í sjúkrakennslu en þær voru að meðaltali 36 (sjá töflu 20).

TAFLA 20. Hvað veitti skólinn mörgum nemendum sjúkrakennslu og í hve margar kennslustundir alls skólaárið 2008-2009, sbr. 17. gr. laga um grunnskóla?

	Meðalfjöldi	Fjöldi svara
Nemendur sem hlutu sjúkrakennslu	1,7	28
Kennslustundir í sjúkrakennslu	36,0	26

FÓSTURBÖRN

Fósturbörn voru í um 30% grunnskólanna skólaárið 2008-2009 (sjá töflu 21). Þessir skólar vistuðu tæplega tvö fósturbörn að meðaltali.

TAFLA 21. Voru fósturbörn í skólanum skólaárið 2008-2009 sbr. 5. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	51	29,5%
Nei	122	70,5%
Alls	173	100%

Rétt um þriðjungur þeirra skóla sem höfðu verið með fósturbörn skólaárið 2008-2009 sögðu að vandkvæði hefðu komið upp vegna skólavistunar þeirra (sjá töflu 22).

TAFLA 22. Komu upp einhver vandkvæði í skólanum vegna skólavistunar fósturbarna?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	15	30,6%
Nei	34	69,4%
Alls	49	100%

Skólastjórar þeirra grunnskóla sem sögðu vandkvæði hafa komið upp vegna skólavistunar fósturbarna voru beðnir um að skýra í hverju þau vandkvæði fólust. Eins og sjá má í þeim dæmum sem gefin eru voru vandkvæðin af ýmsum toga en nefna má hegðunarvandamál ýmiss konar og slaka upplýsingamiðlun milli þeirra aðila sem að fósturbarninu koma.

Árekstar við aðra nemendur.
Erfiðar aðstæður fyrir lítinn skóla án sérfræðingaaðstöðu til að vinna með börnum sem þurfa mikla aðstoð og þá sérstaklega frá sálfræðingum.
Mikil agavandamál komu upp sem reyndust verulega erfið viðfangs.
Stífnir í samskiptum á milli barnaverndar og skrifstofu skólamála. Skortur á fjármagni. Óskir um viðbótarfjármagn vegna t.d. auka stuðnings ekki alltaf virtar af lögheimilissveitarfélagi.
Upplýsingamiðlun milli sveitarfélaga hefði mátt vera markvissari.
Yfirleitt er vandamál með upplýsingar frá því sveitarfélagi sem nemandinn kemur frá - skóla og félagsmálayfirvöldum.

BROTTVÍSUN

Tæpur fimmtungur skólastjóra sagði að nemandi eða nemendum hefði verið vikið úr skólanum á grundvelli 14. gr. laga um grunnskóla (sjá töflu 23).

TAFLA 23. Var nemandi/nemendum vikið úr skólanum skólaárið 2008-2009 á grundvelli 14. gr. laga um grunnskóla? *Eingöngu er spurt um lengri brottvísun en einn skóladag.*

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	33	19,3%
Nei	138	80,7%
Alls	171	100%

Skólastjórar þeirra skóla sem vikið höfðu nemenda úr skólanum voru beðnir um að gera grein fyrir heildarfjölda, kyn- og aldursskiptingu, helstu ástæðum brottvikningar og tímalengd hennar. Yfirleitt var um nemendur á efsta stigi grunnskólans að ræða og mun oftast voru það drengir en stúlkur sem vikið var úr skóla. Tímalengd brottvikningar var allt frá tveimur dögum og upp í tvær vikur. Ástæður voru margvíslegar. Meðal annars var um að ræða þjófnað, ofbeldishegðun, fíkniefnanotkun og önnur gróf agabrot af ýmsu tagi.

ÚTSKRIFT

Í 72% grunnskólanna útskrifaðist enginn nemandi úr skólanum vorið 2009 áður en 10 ára skyldunámi lauk, í 11% skólanna útskrifaðist einn nemandi áður en 10 ára skyldunámi lauk og í 6% þeirra útskrifuðust tveir nemendur. Rúm 10% grunnskólanna höfðu útskrifað þrjá nemendur eða fleiri áður en 10 ára skyldunámi lauk (sjá töflu 24).

TAFLA 24. Hve margir nemendur útskrifuðust úr skólanum vorið 2009 áður en tíu ára skyldunámi lauk, sbr. 32. gr. laga um grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Enginn nemandi	123	72,4%
Einn nemandi	19	11,2%
Tveir nemendur	10	5,9%
Þrír nemendur eða fleiri	18	10,5%
Alls	170	100%

SKIMUNARPRÓF

Skólastjórnarnir voru spurðir hvaða skimunarpróf væru notuð í skólanum sbr. 40. gr. laga. Þar sem spurningin var alveg opin var framsetning svara mismunandi. Þrír skólastjórnar svöruðu spurningunni ekki og sex sögðu að engin skimunarpróf væru notuð í skólanum.

Í þeim tilvikum þar sem engin skimunarpróf voru í notkun í skólanum gaf skólastjóri til dæmis þá skýringu að í skólanum væru engin frávík eða að í skólanum væri einungis unglíngadeild. Auk þess kom fram að skimun eða önnur greining færi fram á vegum sérfræðipjónustu en ekki beint innan skólans. Sumir listuðu upp mismunandi próf eftir því um hvaða bekk var að ræða en aðrir ekki.

Af upptalningu skólastjóra að dæma virðist skimun oft tengd lestrarfærni en einnig var nokkuð algengt að skimunarpróf tengd stærðfræði væru nefnd auk samræmdra könnunarprófa. Dæmi um próf sem nefnd voru eru: Læsi, Tove Krogh teikniþroskapróf, Logos greining á dyslexiu og öðrum lestrarerfiðleikum, Aston Index, Talnalykill, LH60 lestrarhæfnipróf, GrP10 greiningarpróf í lestri og ritun, GrP14, Boehm-R hugtakapróf, MOT hreyfiþroskapróf, Carlsten hljóða- og stafakönnun, Told-málþroskapróf, Hugur og heilsa - líðan nemenda í 9. bekk, Hljóm, Nefnuhraðapróf, framsagnapróf, hraðapróf, hegðunarmatslistar og fleiri.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafi starfar í um helmingi skólanna. Nemendur í 54 grunnskólum hafa ekki aðgang að náms- og starfsráðgjafa (sjá töflu 25).

TAFLA 25. Hafa allir nemendur skólans aðgang að náms- og starfsráðgjafa, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla og lög nr. 35/2009 um náms og starfsráðgjafa?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, náms- og starfsráðgjafa sem starfar við skólann.	87	50,6%
Já, náms- og starfsráðgjafa sem starfar á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.	15	8,7%
Já, náms- og starfsráðgjafa á annarra vegum.	16	9,3%
Nei, nemendur hafa ekki aðgang að náms- og starfsráðgjafa.	54	31,4%
Alls	172	100%

Skólastjórnarnir í skólunum 87 þar sem náms- og starfsráðgjafi starfar gáfu allir upplýsingar um starfshlutfall. Tæpur helmingur náms- og starfsráðgjafa var í 100% starfshlutfalli, tæpur fimmtungur í 70-99% starfshlutfalli, fjórðungur í 50-69% starfshlutfalli og innan við 10% í 49% starfshlutfalli eða minna (sjá töflu 26).

TAFLA 26. Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa sem starfa í grunnskólanum.

	Fjöldi svara	Hlutfall
100%	41	47,1%
70-99%	16	18,4%
50-69%	22	25,3%
30-49%	7	8,0%
Minna en 30%	1	1,1%
Alls	87	100%

Um 9% grunnskóla hafa aðgang að náms- og starfsráðgjafa á annarra vegum og voru skólastjórar þessara 16 skóla beðnir um að skýra nánar í hverju það fælist. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um skýringar þeirra en til dæmis er þjónustan veitt á vegum skólaskrifstofu svæðisins eða að starfs- og námsráðgjafi er fenginn reglulega inn til að hitta nemendur og ræða við þá.

Fenginn er náms- og starfsráðgjafarþjónusta í skólann. Einu sinni á skólaári.
Kaupum náms- og starfsráðgjöf nokkra tíma á skólaári af námsráðgjafa.
Kemur á tilteknum tíma í heimsókn.
Keypt er þjónusta af námsráðgjafa sem heldur fyrirlestur fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar og tekur nemendur í 10. bekk í einstaklingsviðtöl.
Náms- og starfsráðgjafi er pantaður að og tekur alla nemendur í 10. bekk ásamt foreldrum í viðtal.
Námsráðgjafi er ekki í föstu starfi við skólann. Nemendum í 9. og 10. bekk er boðið upp á viðtöl við náms- og starfsráðgjafa á vorönn.
Námsráðgjafi er í starfi hjá sveitarfélaginu, hann er staddur í stærsta skólanum en kemur hingað til að sinna ákveðnum verkefnum.
Nemendur fá aðgang að námsráðgjafa ef með þarf.

Að síðustu voru þeir skólastjórar sem sögðu nemendur engan aðgang hafa að náms- og starfsráðgjafa beðnir um að skýra hvernig stæði á því. Ástæðurnar voru af ýmsum toga, til dæmis var sú skýring gefin að skólinn væri það fámennur að það væri ekki þörf á því, í skólanum væru aðeins yngri nemendur og enginn með þessa menntun byggi á svæðinu. Þá kom einnig fram að umsjónarkennarar sinntu þessu hlutverki eins og hægt væri.

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Þá voru þátttakendur spurðir hvers konar sérfræðiþjónustu skólinn hefði aðgang að sbr. 40. gr. laga um grunnskóla. Aðgangur að sérfræðiþjónustu var mjög misjafn eftir skólum. Aðgangur að félagsráðgjafa, sálfræðingi og náms- og starfsráðgjafa var oft nefnd. Auk þess kom fram að hægt væri að sækja aðra þjónustu ef á þyrfti að halda eins og talmeinafræðing eða iðjubjálfa til viðkomandi sveitarfélags eða þá að hún væri aðkeypt. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um lýsingar skólastjóra á því hvers konar sérfræðiþjónustu skólinn hefur aðgang að:

Aðgang að skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðing. Talmeinafræðingur kemur í skólann tvisvar á skólaárinu.
Aðkeypt þjónusta kennsluráðgjafa og sálfræðings.
Alla þjónustu sem skóla- og fjölskylduskrifstofa veitir: greiningu, greindarmælingu, talkennslu, sérkennsluúrræði o.fl. Heilsugæsla (skólahjúkrunarfræðingur) sér um eftirlit með heilsu nemenda, skólaskoðun og fluorskolun.
Félagsráðgjafa, sálfræðingi, kennsluráðgjafa.
Félagsráðgjafi, sálfræðingur, iðjubjálfi, talmeinafræðingur og náms- og starfsráðgjafi.
Félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, kennsluráðgjöf.
Fræðslustjóri sér um að koma á tengingu við þá sérfræðinga sem þörf krefur.
Hjá skólanum starfar sálfræðingur og sérkennari sem sinna greiningum og ráðgjöf.
Kennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og náms- og starfsráðgjafa.
Kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu sálfræðings, sérkennslu, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, talmeinafræðing og uppeldis- og sálfræðiráðgjafa.
Kennsluráðgjöf. Sálfræðiþjónustu. Unglingaráðgjöf.
Kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, þjónustu talmeinafræðings.
Leitað er til sjálfstætt starfandi sérfræðinga þegar um greiningar er að ræða.
Námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, sálfræðing, þroskabjálfa og talmeinafræðing.
Sálfræði-, kennslu- og talmeinafræðingi auk félagsfræðiaðstoðar á vegum bæjarins.
Sálfræðing, talkennara, iðjubjálfa.
Sálfræðing. Talkennara. Iðjubjálfa. Sérkennslufulltrúa.
Sálfræðinga og kennsluráðgjafa frá skólaskrifstofu.
Sálfræðingi 2x í mánuði, talmeinafræðingi 2x í mánuði, sérkennara starfandi við skólann.
Sálfræðingur starfar í skólanum 1 dag í hverri viku og einnig talkennari 1 dag í viku.
Sálfræðiþjónustu, þjónustu talmeinafræðings og þjónustu túlka. Einnig lækni og hjúkrunarfræðing.
Sérkennari, þroskabjálfi og hjúkrunarfræðingur.
Sérkennslu, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, presti.
Skólasálfræðingur 80% og skólahjúkrunarfræðingur 60%, talkennari, sérkennari, þroskabjálfi.
Skólinn getur keypt sérfræðiþjónustu frá sveitafélaginu.
Við höfum aðgang að þjónustumiðstöð þar sem sálfræðingur er okkar tengiliður en getum kallað til aðra fagaðila ef við á.
Við skólann starfa: sálfræðingur, félagsráðgjafi, talmeinafræðingur, sjúkrapjálfa, ráðgjafarþroskabjálfi, iðjubjálfi, tannlæknir.

ATHUGASEMDIR VIÐ LÖGIN

Að lokum voru skólastjórnir spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri sem varðaði einstök atriði nýrra laga um grunnskóla og má sjá dæmi um svör þeirra hér fyrir neðan. Athugasemdir voru af ýmsu tagi. Til dæmis kom fram ánægja með einstök atriði laganna eins og til dæmis skýra ábyrgð foreldra gagnvart börnum sínum og aukin fagmennska með tilkomu laganna væri til bóta. Margir vildu þó koma því á framfæri að ný lög væru illfrákvæmanleg í smærri skólum og tóku þar allnokkrir dæmi um þá grein laganna sem snýr að skólaráði.

Kostnaður í skyldunámi (31. gr.) mjög hamlandi grein, setur bæði skólanum og heimilunum þröngar skorður.
Góður grunnur fyrir starfsfólk skóla að hafa sem leiðarljós í sínum störfum. Nauðsynlegt að kynna betur fyrir starfsfólki skóla nýjar námsáherslur á unglíng- og miðstigi.
Aukin fagmennska í fyrirrúmi er mjög til bóta en skrifinnskan er tímafrek og mannaflafrek.
Ákvæði varðandi vettvangsferðir nemenda í lögum gera skólastarfi erfitt fyrir!
Ánægð með skýra ábyrgð foreldra á börnum sínum. Sakavottorðinu og að skólinn er fyrir öll börn og þeim er skylt að sækja grunnskóla.
Ég held að skólaráð sé sniðug lausn fyrir stóra skóla en sé ekki þörf fyrir það í litlum skóla. Hér er skólanefnd sem hittist yfirleitt einu sinni í mánuði eða oftast þar eru kennarar, skólastjórn, foreldrar, fólk úr grenndarsamfélaginu. Að mínu mati uppfyllir sú nefnd allt sem skólaráð á að sinna.
Gr. 8 um skólaráð. Aðeins er gert ráð fyrir að skólastjóri sitji í skólaráði en ekki staðgengill hans, þ.e. annar stjórnandi við skólann t.d. aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri. Mér finnst það æskilegt.
Þetta með skólaráðið er erfitt í fámenninu og með samrekstri hefur ekki náðst samkomulag um skiptingu fulltrúa.
Margt ánægjulegt í nýjum lögum, má þar nefna tilkomu skólaráðs og aukna áherslu á jafnræði og lýðræði.
Ný lög eru á engan hátt frákvæmanleg í litlum skólum. Aðgangur að sérfræðingum er lítill sem enginn. Auk margvíslegra annarra vandamála sem óþarfi er að tíunda hér.
Skil á milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs eru ekki nægilega vel skilgreind.
Skólastjóri hefur kynnt sér lauslega nýju lögini og er nokkuð sáttur.
Vera ekki að setja reglugerðir um ný apparöt eins og skólaráð án þess að það fylgi hver borgar fyrir svona. Mér finnst hlutverk skólaráðs einnig skarast við hlutverk fræðslu- og skólanefndar sem líka á að vera til og spurning hvort ekki er verið að flækja málið of mikið.
Við veltum því fyrir okkur, skólastjórnir í litlum skólum í dreifbýlinu, hvort skólaráð og hlutverk þess fyrir fámenna skóla sé ekki full viðamikill samkvæmt lögum.

VIÐAUKI - SPURNINGALISTINN

1. Fyrir hvaða grunnskóla svarar þú þessari könnun?

2. Er starfandi skólaráð við skólann, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla?

1. Já

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

3. Hver er fjöldi kvk. í skólaráði? _____

4. Hver er fjöldi kk. í skólaráði? _____

5. Er starfandi foreldrafélag við skólann, sbr. 9. gr. laga um grunnskóla ?

1. Já

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

6. Hver er fjöldi kvk. í stjórn foreldrafélagsins? _____

7. Hver er fjöldi kk. í stjórn foreldrafélagsins? _____

8. Er starfandi nemendafélag við skólann, sbr. 10. gr. laga um grunnskóla ?

1. Já

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

9. Hver er fjöldi kvk. í stjórn nemendafélagsins? _____

10. Hver er fjöldi kk. í stjórn nemendafélagsins? _____

11. Er starfandi nemendaverndarráð við skólann, sbr. 40. gr. laga um grunnskóla ?

1. Já

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

12. Hvenær lauk síðustu endurskoðun skólanámskrár skólans, sbr. 29. gr. laga um grunnskóla?

1. 2009-2010

2. 2008-2009

3. 2007-2008

4. 2006-2007

5. 2005-2006

6. Fyrir 2005

13. Er skólanámskrá og starfsáætlun skólans aðgengileg á vef skólans?

1. Já, vinsamlegast gefið upp netslóð _____

2. Nei

14. Hvenær er næsta endurskoðun skólanámskrár skólans fyrirhuguð?

1. 2009-2010

2. 2010-2011

3. 2011-2012

4. 2012-2013

5. 2013-2014

6. Síðar

15. Birtir skólinn opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, sbr. 36. gr. laga um grunnskóla?

1. Já, vinsamlegast gerið grein fyrir hvar upplýsingarnar eru birtar (t.d. vefslóð) _____

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

16. Hvernig eru skólareglur skólans kynntar sbr. 14 . og 30. gr. laga um grunnskóla?

17. Vinsamlegast skráið slóð ef skólareglurnar má finna á vef skólans. _____

18. Hvenær voru skólareglur skólans síðast endurskoðaðar?

1. 2009-2010
2. 2008-2009
3. 2007-2008
4. 2006-2007
5. 2005-2006
6. Fyrir 2005

19. Er til móttökuáætlun í skólanum, sbr. 16. gr. laga um grunnskóla?

1. Já
 2. Móttökuáætlun er í vinnslu
 3. Nei, hvers vegna ekki? _____
-
-

20. Móttökuáætlunin tekur til/mun taka til (vinsamlegast veljið allt sem við á):

1. nemenda sem eru að hefja skólagöngu
2. nemenda sem skipta um skóla
3. íslenskra nemenda sem eru að hefja nám hér á landi
4. nemenda með annað móðurmál en íslensku

21. Hvernig tryggir skólinn að nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf, sbr. 16. gr. laga um grunnskóla?

22. Er við ráðningu starfsfólks óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla?

1. Já, óskað er eftir sakavottorði
2. Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá
3. Nei, hvers vegna ekki? _____

23. Hefur skólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað, sbr. 12. gr. laga um grunnskóla ?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

24. Eiga nemendur skólans kost á málsverði á skólatíma, sbr. 23. gr. laga um grunnskóla ?

1. Já, allir
2. Já, hluti nemenda, ef svo er skýrið nánar _____

3. Nei, hvers vegna ekki? _____

25. Gerið grein fyrir undanþágum frá skyldunámi skólaárið 2009-2010, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

Vinsamlegast sláið inn fjölda nemenda í 1. - 4. bekk sem fá undanþágu.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði..... _____

Skólaíþróttir..... _____

Skólasund..... _____

Aðrar námsgreinar (heildarfjöldi) _____

26. Gerið grein fyrir undanþágum frá skyldunámi skólaárið 2009-2010, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

Vinsamlegast sláið inn fjölda nemenda í 5. - 7. bekk sem fá undanþágu.

Danska..... _____

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði..... _____

Skólaíþróttir..... _____

Skólasund..... _____

Aðrar námsgreinar (heildarfjöldi) _____

27. Gerið grein fyrir undanþágum frá skyldunámi skólaárið 2009-2010, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

Vinsamlegast sláið inn fjölda nemenda í 8. - 10. bekk sem fá undanþágu.

Danska..... _____

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði..... _____

Skólaíþróttir..... _____

Skólasund..... _____

Aðrar námsgreinar (heildarfjöldi) _____

28. Hve margir nemendur skólans stunda nám á framhaldsskólastigi skólaárið 2009-2010?

Stærðfræði..... _____

Enska..... _____

Aðrar námsgreinar..... _____

29. Gerið grein fyrir því hve margir nemendur fá nám utan grunnskóla viðurkennt sem jafngildi grunnskólanáms skólaárið 2009-2010, í hvaða árgangi þeir eru og hvað þeir fá metið sem jafngildi námsins, sbr. 15. og 26. gr. laga um grunnskóla (ekki er hér átt við nemendur sem stunda nám í einstökum áföngum í framhaldsskóla).

30. Hvað veitti skólinn mörgum nemendum sjúkrakennslu og í hve margar kennslustundir alls skólaárið 2008-2009, sbr. 17. gr. laga um grunnskóla?

Fjöldi nemenda sem hlutu sjúkrakennslu skólaárið 2008-2009.....

Heildarfjöldi kennslustunda (sjúkrakennslu) skólaárið 2008-2009.....

31. Voru fósturbörn í skólanum skólaárið 2008-2009, sbr. 5. gr. laga um grunnskóla?

1. Já, tilgreinið fjölda

2. Nei

32. Komu upp einhver vandkvæði í skólanum vegna skólavistunar fósturbarna?

1. Já, vinsamlegast gerið í stuttu máli grein fyrir þeim vandkvæðum sem upp komu _____

2. Nei

33. Var nemandi/nemendum vikið úr skólanum skólaárið 2008-2009 á grundvelli 14. gr. laga um grunnskóla?

Eingöngu er spurt um lengri brottvísun en einn skóladag.

1. Já, vinsamlegast gerið grein fyrir heildarfjölda, kyn- og aldursskiptingu, helstu ástæðum brottvikningar og tímalengd. _____

2. Nei

34. Hve margir nemendur útskrifuðust úr skólanum vorið 2009 áður en tíu ára skyldunámi lauk, sbr. 32. gr. laga um grunnskóla? _____

35. Hvaða skimunarpróf eru notuð í skólanum, sbr. 40. gr. laga um grunnskóla?

36. Hafa allir nemendur skólans aðgang að náms- og starfsráðgjafa, sbr. 13.gr. laga um grunnskóla og lög nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjafa?

1. Já, náms- og starfsráðgjafa sem starfar við skólann. Vinsamlegast tilgreinið starfshlutfall.

2. Já, náms- og starfsráðgjaf sem starfar á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.

3. Já, náms- og starfsráðgjafa á annarra vegum. Vinsamlegast skýrið nánar.

4. Nei, nemendur hafa ekki aðgang að náms- og starfsráðgjafa. Vinsamlegast skýrið nánar.

37. Hvers konar sérfræðiþjónustu hefur skólinn aðgang að, sbr. 40. gr. laga um grunnskóla?

38. Annað sem skólastjóri vill koma á framfæri og varðar einstök atriði nýrra laga um grunnskóla.
